



## 14. stjórnarfundur LH

5. nóvember kl. 17:00 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Mættir úr aðalstjórn: Lárus Ástmar Hannesson formaður, Jóna Dís Bragadóttir varaformaður, Eyþór Jón Gíslason ritari, Ólafur Þórisson gjaldkeri, Stella Björg Kristinsdóttir, Andrea Þorvaldsdóttir, Haukur Baldvinsson.

Mættir úr varastjórn: Helga B. Helgadóttir, S. Rúnar Bragason, Rúnar Þór Guðbrandsson.  
Fjarverandi: Hrönn Kjartansdóttir og Petra Kristín Kristinsdóttir.

Fundargerð ritaði: Eyþór Jón Gíslason

- 1. Undirbúningur vegna formannafundar og uppskeruhátíðar** - Lárus Ástmar Hannesson formaður fór mjög ítarlega yfir skýrslu stjórnar sem drög höfðu verið gerð að fyrir formannafund. Tóku fundarmenn virkan þátt í að laga og bæta við skýrsluna. Því næst fór Lárus yfir stöðuna á uppskeruhátíðinni sem á að halda í Gullhömrum 7. nóvember og vildu fundarmenn þakka öllum aðilum sem að þeirri hátíð hafa komið vel fyrir sín störf.
- 2. Uppgjör HM** - Lárus formaður ásamt Andreu Þorvaldsdóttur, fór yfir hver staðan væri á uppgjori HM í Herning og fram kom að einhver halli er á mótinu sem mun lenda á aðildarlöndum Nihf samstarfsins og þar á meðal LH en endanlegt uppgjör hefur ekki borist. Tók hann samt fram að allir sem komu að þessum viðburði hafi staðið sig mjög vel.
- 3. Reikningar LH og LM** - Ólafur Þórisson gjaldkeri fór yfir og kynnti reikninga sambandsins vegna ársins 2014 ásamt 10 mánaða uppgjori ársins 2015. Einnig fór Ólafur yfir reikninga LM 2014 og 10 mánaða uppgjör 2015.
- 4. Knapar ársins 2015** - Stella Björg Kristinsdóttir gerði grein fyrir störfum knapavalsnefndar sem hefur lokið störfum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18:30.